

Frá: Ólafur Jónsson <oj@skeljungur.is>

Sent: miðvikudagur, 27. mars 2019 10:17

Til: Líf Magneudóttir <Lif.Magneudottir@reykjavik.is>; Marta Grettisdóttir

<marta.grettisdottir@reykjavik.is>; Sigurjóna Guðnadóttir <Sigurjona.Gudnadottir@reykjavik.is>

Efni: Tillaga - vegna birtingar á niðurstöðum eftirlitsskýrslna

Á fundi Umhverfis- og heilbrigðisráðs nr. 16 var dagskrárlið nr. 4 um framangreint mál frestað.

Undirritaður óskar eftir að málið verði tekið á dagskrá og leggur þá fram svohljóðandi tillögu.

Tillaga.

Lagt er til að birting eftirlitsskýrslna HER á grundvelli laga nr. 7/1998 verði stöðvuð þar til

Umhverfisstofnun hefur samræmt skýrslugjöf og birtingu á landsvísu.

Jafnframt er lagt til að hætt verði frammistöðuflokkun fyrirtækja á grundvelli mengunarvarnar og hollustuháttaeftirlits, þar sem ekki er lagaheimild fyrir slíkri flokkun.

Lagt er til að birting HER á eftirlitsskýrslum og frammistöðu fyrirtækja úr matvælaeftirliti verði hætt, þar sem hún hefur ekki lagastoð. Heimild til að birta umræddar upplýsingar tekur ekki gildi fyrr en 1. Janúar 2021

Ólafur Jónsson.

From: [Árný Sigurðardóttir](mailto:Arny.Sigurdardottir@skeljungur.is)
To: oj@skeljungur.is
Cc: [Sigurjóna Guðnadóttir](#); [Sabine Leskopf](#); [Lif Magneudóttir](#); [Kristín Soffía Jónsdóttir](#); [Sigurborg Ósk Haraldsdóttir](#); [Egill Þór Jónsson](#); [Marta Guðjónsdóttir](#); [Vigdís Hauksdóttir](#); ["sigridura@lysi.is"](mailto:sigridura@lysi.is); [Friðsemð Rósa Magnúsdóttir](#); [Glóey Helgudóttir Finnsdóttir](#); [Óskar Ísfeld Sigurðsson](#)
Subject: SV: Fundur umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 6. mars 2019
Date: miðvikudagur, 6. mars 2019 09:52:00
Attachments: [Svar HER_Umhverfisstofnun_050219.pdf](#)
[Svar til ANR_HER_190219.pdf](#)

Sæll Ólafur

Mér þykir miður að hvorki þú né þinn varamaður mæti á fundinn til að gera grein fyrir þeim skoðunum sem koma fram í tölvupósti þínum. Mér finnst á engan hátt tímabært að bóka um málið sem SA og aðildafélög eru upphafsmenn að, þegar það er ennþá í skoðun hjá ráðuneytunum og álit þeirra liggur ekki fyrir.

Ég ítreka það sem margoft hefur komið fram að ekki er um að ræða frammistöðumat eins og mun mögulega verða sett á laggirnar 2021 heldur samanteknar niðurstöður úr einstökum eftirlitsferðum hjá einstaka fyrirtækjum. Þetta er á engan hátt hugsað sem kerfisbundið frammistöðumat á fyrirtækjum líkt og boðað hefur verið og Matvælastofnun er að vinna að. Ekkert eftirlit er öðru vísi en úr því komi niðurstöður sem hafa alltaf verið opinber gögn. Niðurstöður eftirlits hafa gegnum tíðina verið birtar og eru birtar á ýmsan hátt bæði hjá HER sem öðrum heilbrigðiseftirlitum, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun án athugasemda hingað til. Einnig minni ég á skyldur okkar í dag um æ ríkari upplýsingagjöf og gagnsæja stjórnsýslu.

Varðandi fyrirspurnina í pósti þínum þá var birtingin og form hennar kynnt ásamt fjölda annarra verkefna HER, á fundum nefndarinnar þegar starfs- og fjárhagsáætlanir voru kynntar og lagðar fram til samþykktar, þann 22. ágúst og 19. september sl. Þar komu engar athugasemdir fram varðandi fyrirkomulagið á birtingu niðurstaðna á netið, né bókanir eða sérstök samþykkt um þetta einstaka atriði í starfsáætlun heldur og voru starfs- og fjárhagsáætlanir samþykktar. Einnig var sagt frá birtingunni á starfsdegi umhverfis- og heilbrigðisráðs þann 14. september sl. sem haldinn var í Gerðubergi án athugasemda þar.

Nefndarmönnum til frekari upplýsingar eru meðfylgjandi svör HER til ráðuneytanna vegna kæru SA og aðildarfélaga.

Með kveðju,
Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartún 12, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit

arny.sigurdardottir@reykjavik.is

S: 411 1111,

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Frá: Ólafur Jónsson <oj@skeljungur.is>

Sent: þriðjudagur, 5. mars 2019 23:37

Til: [Sigurjóna Guðnadóttir](mailto:Sigurjona.Gudnadottir@reykjavik.is) <Sigurjona.Gudnadottir@reykjavik.is>; [Sabine Leskopf](mailto:Sabine.Leskopf@reykjavik.is) <Sabine.Leskopf@reykjavik.is>; [Lif Magneudóttir](mailto:Lif.Magneudottir@reykjavik.is) <Lif.Magneudottir@reykjavik.is>; [Kristín Soffía Jónsdóttir](mailto:Kristin.Soffia.Jonsdottir@reykjavik.is) <Kristin.Soffia.Jonsdottir@reykjavik.is>; [Sigurborg Ósk Haraldsdóttir](mailto:Sigurborg.Osk.Haraldsdottir@reykjavik.is) <Sigurborg.Osk.Haraldsdottir@reykjavik.is>; [Egill Þór Jónsson](mailto:Egill.Thor.Jonsson@reykjavik.is) <Egill.Thor.Jonsson@reykjavik.is>;

Marta Guðjónsdóttir <Marta.Gudjonsdottir@reykjavik.is>; Vigdís Hauksdóttir <Vigdís.Hauksdottir@reykjavik.is>

Afrit: Árný Sigurðardóttir <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>; Örn Sigurðsson <orn.sigurdsson@reykjavik.is>; sigridura@lysi.is

Efni: RE: Fundur umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 6. mars 2019

Til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Ég verð því miður að tilkynna forföll á 16. fund Umhverfis- og heilbrigðisráðs miðvikudaginn 6. mars og jafnframt að varamaður minn Sigríður Ásta Guðjónsdóttir kemst ekki heldur til fundarins.

Vegna svars við fyrirspurn Egils Þórs Jónssonar frá 15. fundi Umhverfis- og heilbrigðisráðs, samanber 4 dagskrárlíð 16. fundar, um opinbera birtingu á flokkun fyrirtækja eftir frammistöðu sem lagt verður fram á fundinum, vill undirritaður mótmæla þeirri túlkun HER að birting á einkunnagjöf sé ekki frammistöðuflokkun.

Í þessu sambandi vil ég leggja fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Fulltrúi atvinnulífsins óskar eftir að það verði upplýst á hvaða fundi Heilbrigðisnefndar/Umhverfis og heilbrigðisráðs það var ákveðið að birta niðurstöður eftirlits á vegum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar á heimasíðu eftirlitsins?“

Jafnframt óska ég eftir að eftirfarandi bókun verði lesin upp og birt í fundargerðinni.

"Fulltrúi atvinnulífsins gagnrýnir ótímabæra birtingu niðurstaðna eftirlits og frammistöðu fyrirtækja í Reykjavík á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Gagnrýnin snýr að því að birtingin stangast á við lög og er ekki samræmd á landsvísu eins og unnið er að í samræmi við ákvæði í lögum sem taka gildi inna 2ja ára. Með framkvæmdinni getur Reykjavíkurborg valdið einstökum rekstraraðilum tjóni og skapað sér skaðabótaskyldu. Um það snýst málið og á meðan embættismenn sem vinna í umboði heilbrigðisnefndar fara fram með óbreyttum hætti, munu Samtök atvinnulífsins beita sér í málinu."

Ólafur Jónsson

Fulltrúi atvinnulífsins í Umhverfis- og heilbrigðisráði

-----Original Appointment-----

From: Sigurjóna Guðnadóttir <Sigurjona.Gudnadottir@reykjavik.is>

Sent: mánudagur, 4. mars 2019 15:20

To: Ólöf Örvarsdóttir; Árný Sigurðardóttir; Guðmundur Benedikt Friðriksson; Marta Grettisdóttir; Snorri Sigurðsson; Hrönn Hrafnadóttir; Gunnar Hersveinn Sigursteinsson; Þorsteinn Rúnar Hermannsson; Eygerður Margrétardóttir; Þórólfur Jónsson; Ólafur Jónsson; Friðsemd Rósa Magnúsdóttir; Óskar Ísfeld Sigurðsson; Jón Ragnar Gunnarsson; Sabine Leskopf; Líf Magneudóttir; Kristín Soffía Jónsdóttir; Sigurborg Ósk Haraldsdóttir; Egill Þór Jónsson; Marta Guðjónsdóttir; Vigdís Hauksdóttir; Örn Sigurðsson; Hreinn Ólafsson; Svava Svanborg Steinarsdóttir; Kristín Lóa Ólafsdóttir; Glóey Helgudóttir Finnsdóttir; Elín Oddný Sigurðardóttir; Dóra Magnúsdóttir; Þorkell Heiðarsson; Rannveig Ernudóttir; Jórunn Pála Jónasdóttir; Inga María Hlíðar Thorsteinson; Baldur Borgþórsson; sigridura@lysi.is

Subject: Fundur umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 6. mars 2019

When: miðvikudagur, 6. mars 2019 13:00-16:00 (UTC+00:00) Monrovia, Reykjavík.

Where: Hof, 7. hæð Borgartún 12-14

Góðan dag,

Boðað er til fundar í umhverfis- og heilbrigðisráði Reykjavíkur í Hofi, ráðssal Höfðatorgs, Borgartúni 12-14, 7. hæð, í austur hluta hússins.

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 6. mars 2019 og hefst hann stundvíslega kl. **13:00**.

Dagskrá fundarins og gögn vegna hans verða aðgengileg seinna í dag á síðu ráðsins inni á ykkar svæði á fundur.reykjavik.is (Saltfisknum).

Varafulltrúar athugið að mæta aðeins ef nefndarmaður hefur beðið ykkur að mæta í þeirra stað.

Bestu kveðjur,
Sigurjóna Guðnadóttir

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

